

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1911.

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 20. nóvember 1911 (A nr. 60, bls. 314—315).

Bréf stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi. 132

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá Kristjáni Torfasyni kaupmanni á 28. nóv. Sólbakka við Önundarfjörð, um að honum verði leyft að flytja hér í land hund, sem kom hingað á þýzku botnvörpuveiðagufuskipi.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið, samkvæmt lögum nr. 56, 10. nóvbr. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur í land, og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga, og
2. að hundinum sé haldið í sóttkvi, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis, í 35 daga, og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum kaupmanni hefir verið tilkynnt leyfi þetta héðan.

Bréf stjórnarráðsins til lögreglustjórnanna um framkvæmd áfengisbannlaganna. 133

Stjórnarráðið skal hérmeð vekja athygli yðar á því, herra sýslumaður, 2. des. að 1. janúar 1912 ganga lög nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi, að mestu leyti í gildi, svo að frá þeim degi er lagt lögbann á aðflutning til landsins af hverskonar áfengi sem er.

Um einstök ákvæði laganna skal þetta tekið fram:

Þar sem svo er í 5. gr. ákveðið meðal annars, að skipstjóri megi ekki »veita« öðrum en skipverjum áfengi, þá má ekki skilja þetta svo, að skipstjóri megi ekki hafa gesti í boði, og veita þeim jafnframt áfengi, meðan að hver sem vill getur veitt áfengi í landi.

Útaf 6. gr. laganna eruð þér beðinn að benda hreppstjórum í lögsagnarumdæmi yðar á ákvæði greinarinnar um meðferð á áfengi, sem flyzt á land af strönduðum skipum eftir 1. jan. næstkomandi.

Eftir 10. gr. verðið þér að rannsaka áfengisbirgðir þeirra manna, sem vin-sóluleyfi eða vinveitingaleyfi hafa, jafnskjótt sem lögin öðlast gildi. Jafnframt

133 skuluð þér semja nákvæma skýrslu yfir áfengisbirgðir þær, sem þá eru fyrir
 2. des. hendi, og merkja öll áfengisilát glöggu heimildarmerki. Fyrir því ber yður að merkja, eða láta merkja allar ámur, tunnur, stór og smá kvartil og brúsa, sem áfengi er geymt í; sömuleiðis alla kassa utan um flöskur með áfengi í. Lausar flöskur eða brúsa af þeirri stærð með áfengi í virðist ekki nauðsynlegt að merkja sérstaklega, því kaupmaðurinn selur flöskurnar með áfenginu, og veitingamenn munu jafnan senda þær út jafnóðum og þær tæmast, en lögin gera ráð fyrir að ilátin, sem merkt hafa verið, séu fyrir hendi, þótt búið sé að tæma þau, 6 mánuðum síðar, þegar næsta rannsókn á áfengisbirgðum á að fara fram, og merkin á að taka af þeim ilátum, sem tæmd hafa verið. Lausar flöskur eða smábrúsa með áfengi í ber þar á móti að taka upp í skýrsluna um áfengisbirgðirnar.

Séu vinföng í tollgeymslu við byrjun næsta árs, án þess að hafa verið merkt áður, ber að merkja þau, þegar þau eru tekin úr tollgeymslunni. Af því leiðir aftur, að þér eða umboðsmaður yðar verður ávalt að vera við þegar áfengi er tekið úr tollgeymslu, eða þegar tollvörur, sem geymdar eru með áfengi, eru teknar út, þótt lög um tollvörugeymslu 16. nóv. 1907, 3. gr., gjöri ekki ráð fyrir, að þess þurfi æfnillega.

Merkingin á áfengisilátunum skal gjörð með innsigli sýslunnar eða kaupstaðarins, og kostnaðurinn við hana verður greiddur úr landssjóði eftir reikningi.

Af öðrum greinum laga þessara skal vakin eftirtekt yðar á 12. gr., ef maður er grunaður um »óleyfilegan aðflutning« áfengis, og sektarákvæðum 14. greinar fyrir brot gegn 1. gr. laganna.

134 Bréf stjórnarráðsins til biskups um breyting á skipun Presthólaprestakalls og
 4. des. Svalbarðsprestakalls og launakjörum prestanna þar.

Með bréfi, dags. 20. okt. þ. á., hafid þér, háæruverðugi herra, skýrt frá því, að prestarnir síra Halldór Bjarnason á Presthólum og síra Páll H. Jónsson á Svalbarði vildu ganga að hinni lögmæltu prestakallaskipun, þannig að síra Halldór taki við prestspjónustu í Skinnastaðarprestakalli, því er var, ásamt Presthólasókn, en síra Páll bætti við sig þjónustu Ásmundarstaðasóknar.

Samkvæmt þessu koma ákvæði laga nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, til framkvæmda á þessu svæði, þannig að síra Halldór Bjarnason á Presthólum verður prestur í hinu stækkaða Skinnastaðarprestakalli frá fardögum 1912 að telja, en Presthólaprestakall skiftist upp frá sama tíma, og fylgir Ásmundarstaðasókn úr því Svalbarðsprestakalli.

Prestarnir Halldór Bjarnason og Páll H. Jónsson taka frá næstkomandi fardögum laun sín samkvæmt lögum 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta, og verður síra Halldór í fyrsta launaflokki, en síra Páll í miðflokki.

Samkvæmt beiðni síra Halldórs hefir stjórnarráðið veitt samþykki sitt til þess, að hann megi hafa bú á Presthólum og vera þar sjálfur næsta fardagaár, en frá fardögum 1913 verður hann að sitja á Skinnastað.